

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1145****2023/EES/68/14****frá 30. júní 2021****um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB að því er varðar eftirlit með
ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja sem eru að öllu jöfnu staðsett í
Montenegró og Breska konungsríkinu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB frá 16. september 2009 að því er varðar ábyrgðartryggingu vegna vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að váttrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin ⁽¹⁾, og einkum b-lið 2. gr., í tengslum við 2. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/103/EB skal fara með ökutæki sem eru að öllu jöfnu staðsett í þriðja landi, að því er varðar gilt grænt skírteini eða vottorð um landamæraváttryggingu vegna notkunar á slíkum ökutækjum, sem ökutæki sem eru að jafnaði staðsett í Sambandinu ef landsskrifstofur allra aðildarríkjanna ábyrgjast hver um sig tjónauppgjör vegna slysa sem rekja má til notkunar slíkra ökutækja á yfirráðasvæði þeirra samkvæmt ákvæðum eigin lögjafar um lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja.
- 2) Ákvæði 2. gr. tilskipunar 2009/103/EB gerir beitingu 8. gr. þeirrar tilskipunar á ökutæki sem eru að jafnaði staðsett í þriðja landi háða því að gert sé samkomulag milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga aðildarríkjanna og landsskrifstofu bifreiðatrygginga slíks þriðja lands. Til að 8. gr. þeirrar tilskipunar eigi við um slík ökutæki ætti framkvæmdastjórnin að auki að fastsetja daginn sem það ákvæði kemur til framkvæmda fyrir þessi ökutæki og þær gerðir ökutækja sem ákvæðið mun gilda um, eftir ákvörðun, í nánu samstarfi við aðildarríkin, um að slíku samkomulagi hafi verið náð.
- 3) Þann 30. maí 2002 gerðu landsskrifstofur bifreiðatrygginga aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og annarra samstarfsríkja samkomulag sem tryggir tjónauppgjör vegna slysa sem verða á yfirráðasvæði þeirra af völdum ökutækja sem eru að jafnaði staðsett á yfirráðasvæði annarra aðila að samkomulaginu, án tillits til þess hvort slík ökutæki séu tryggð („samkomulagið“).
- 4) Þann 6. janúar 2021 undirrituðu landsskrifstofur bifreiðatrygginga aðildarríkjanna og landsskrifstofur bifreiðatrygginga Andorra, Bosnía og Hersegóvínu, Íslands, Liechtenstein, Noregs, Serbíu, Sviss og Breska konungsríkisins viðbót við samkomulagið, þar sem samkomulaginu var breytt þannig að landsskrifstofa bifreiðatrygginga Montenegró var felld inn. Í viðbótinni eru settar fram raunhæfar ráðstafanir til að afnema tryggingaeftirlit að því er varðar ökutæki sem eru að jafnaði staðsett á yfirráðasvæði Montenegró og falla undir samkomulagið.
- 5) Landsskrifstofa bifreiðatrygginga Breska konungsríkisins var undirritunaraðili að samkomulaginu frá 30. maí 2002. Úrsögn Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu breytti stöðunni ekki að því er varðar skuldbindingar landsskrifstofu bifreiðatrygginga þeirra gagnvart öðrum hlutaðeigandi landsskrifstofum bifreiðatrygginga.
- 6) Þess vegna eru öll skilyrði uppfyllt til að afnema eftirlit með ábyrgðartryggingu vegna vélknúinna ökutækja, í samræmi við tilskipun 2009/103/EB, að því er varðar ökutæki sem eru að jafnaði staðsett í Montenegró og Breska konungsríkinu.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Frá og með 2. ágúst 2021 skulu aðildarríki hætta að beita eftirliti með ábyrgðartryggingu vegna allra gerða ökutækja sem eru að jafnaði staðsett í Montenegró, að undanskildum herökutækjum sem eru skráð þar, þegar þau koma inn í Sambandið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 247, 13.7.2021, bls. 100. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2022 frá 8. Júlí 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 24, 23.3.2023, bls. 21.

(¹) Stjtið. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 11.

2. gr.

Frá og með 2. ágúst 2021 skulu aðildarríki ekki beita eftirliti með ábyrgðartryggingu vegna allra gerða ökutækja sem eru að jafnaði staðsett í Breska konungsríkinu, að undanskildum herökutækjum sem eru skráð þar, þegar þau koma inn í Sambandið.

3. gr.

Aðildarríki skulu þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að beita þessari ákvörðun.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
